

Hafnarfjarðarbær
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 12. júní 2020
Tilvísun: 202004009 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi íþróttasvæðis Hauka við Ásvelli, Hafnarfjarðarbær

Hafnarfjarðarbær hefur, með erindi dags. 25. maí 2020, sent Skipulagsstofnun breytingu á ofangreindu deiliskipulagi til yfirferðar að nýju, samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagsлага og var málsmæðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemda fresti lauk 23. desember 2019. Athugasemdir bárust á kynningartímanum. Fyrir liggur umsögn Umhverfssstofnunar, dags. 3. febrúar 2020.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn þann 18. mars 2020 ásamt greinargerð skipulagsfulltrúa um framkomnar athugasemdir, dags. 6. mars 2020.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð, viðbættri umhverfisskýrslu og uppdrætti í mkv. 1:2000, dags. 9. september 2019, með breytingum í janúar 2020.

Deiliskipulagið barst Skipulagsstofnun upphaflega þann 2. apríl 2020 og var afgreitt með bréfi dags. 24. apríl 2020. Gerð var athugasemd við birtingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna þess að skipulagsgögnum fylgdi ekki umhverfisskýrsla eins og ákvæði laga um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir og hafði þá heldur ekki verið auglýst skv. 7. gr. laganna.

Skipulagsstofnun ítrekar fyrri afgreiðslu og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingum um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem umhverfisskýrsla hefur ekki verið auglýst skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Auk þess hafa ný deiliskipulagsgögn, sem bárust stofnuninni 25. maí 2020, ekki verið tekin til umræðu sveitastjórnar skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagsлага.

Umhverfisskýrsla

Tilgangur umhverfisskýrslu er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum við framkvæmd skipulagsins með mótvægisáðgerðum og vöktunaráætlun ef við á, auk þess að stuðla að upplýstri og gagnsæri ákváðanatöku við skipulagsákváðanir. Í umhverfisskýrslu þarf að vera skýrt hvaða forsendur liggja til grundvallar skipulagsákvörðun. Taka þarf afstöðu til hvaða umhverfisþættir eru skoðaðir og metnir í umhverfismati tillögu og gera grein fyrir niðurstöðu matsins þar sem raunhæfir valkostir um staðsetningu, umfang og útfærslu eru settir fram.

Ekki hefur verið brugðist á fullnægjandi hátt við umsögn Umhverfssstofnunar, dags. 3. febrúar 2020. Leita þarf umsagnar Umhverfssstofnunar að nýju við auglýsingum umhverfisskýrslu, sbr. 7. gr laga um umhverfismat áætlana. Auk þess þarf að leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Deiliskipulag

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar kemur fram að engar framkvæmdir séu fyrirhugaðar nálægt Ástjörn og að sérstök ástæða sé til að hafa aðgát vegna framkvæmda í grennd hennar þar sem röskun á vatnasviðið gæti haft ófyrirséðar afleiðingar í för með sér. Stofnunin telur að setja þurfi ýtarlegri deiliskipulagsskilmála sem tryggja þetta, sérstaklega varðandi útfærslu bílastæðis, knatthúss og þjónustubyggingar.

Í skilmálum deiliskipulagsbreytingarinnar kemur fram að milda skuli áhrif ásýndar af knatthúsi með lita og efnisvali. Stofnunin mælir eindregið með því að skilmálar verði endurskoðaðir og settir verði ítarlegri skilmálar, með ásýnd og yfirbragð í huga.

Stofnunin hvetur einnig til þess að settir verði skilmálar sem tryggja markmið aðalskipulags um vistvæna ferðamáta, með hagsmuni gangandi og hjólandi að leiðarljósi.

Ábendingar

- Sýna þarf réttan uppdrátt úr aðalskipulagi m.s.br.
- Minnt er á mikilvægi þess að bæta dagsetningu á gögn þegar þeim er breytt og skýra í hverju breytingarnar felast.

Fyrirhuguð framkvæmd á svæðinu er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin hvetur til að skipulagsferli deiliskipulagsins skv. skipulagslögum og lögum um umhverfismat áætlana, og matsferlið skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, verði unnið samhliða. Í slíku fyrirkomulagi felst ákveðið hagræði með samnýtingu gagna og upplýsinga og samþættingu kynningar-, samráðs- og umsagnarferlis.

Sóley Ósk Sigurgeirs Þóra
Sóley Ósk Sigurgeirs dóttir